

Sþ.

100. Fyrirspurnir.

[90. mál]

I. Til samgönguráðherra um tryggingamál sjómanna.

Frá Eyjólfí Sigurðssyni.

Hvað hefur samgönguráðuneytið gert til þess að tryggja sjómönnum og fjölskyldum þeirra raunhæfar tryggingabætur vegna örorku eða dauðsfalls sjómanna við störf sín, í framhaldi af frumvarpi til laga um breytingar á siglingalögum, nr. 66 1963, er vísað var til ríkisstjórnarinnar 15. maí 1975?

II. Til viðskiptaráðherra um samanburð á vöruverði.

Frá Eyjólfí Sigurðssyni.

Í framhaldi af könnun verðlagsstjóra á vöruverði í smásölu í London annars vegar og í Reykjavík hins vegar:

1. Í hvaða tilgangi var könnunin gerð?
2. Telur ráðherra nauðsynlegt að kanna nánar hvers vegna innkaupsverð á vörum til Íslands virðist vera svo miklu hærra en til annarra aðila?
3. Er fyrirhugaður frekari samanburður á vöruverði í viðskiptalöndum íslendinga?